

Skipulagsstofnun
b/t Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. júlí 2020
UST202005-306/Í.M.J.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum – Frummatsskýrsla – Sorpurðun Vesturlands – aukning urðunar í landi Fíflholta á Mýrum

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem var mótttekið 28. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar.

Framkvæmdalýsing

Ráðgert er að auka móttöku á úrgangi til urðunar í Fíflholtum úr 15.000 tonnum í 25.000 tonn á ári. Urðunarstaðurinn er staðsettur á Mýrum og rekinn af Sorpurðun Vesturlands hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) sem þjónustar tíu sveitarfélög á Vesturlandi og fimm sveitarfélög á Vestfjörðum með samtals tæplega 23.000 íbúa (bls 15). Í Fíflholtum er tekið á móti öllum óflokkuðum úrgangi öðrum en spilliefnum og er að mestu um að ræða almennan úrgang frá heimilum og fyrirtækjum sem ekki er endurunninn (bls 23).

Heimilað umfang urðunar í Fíflholtum í dag er 15.000 tonn af úrgangi á ári og er starfsleyfið frá árinu 2014, með breytingum árið 2017, og gildir til ársins 2028. Heildarmagn urðaðs úrgangs fór yfir leyfileg mörk skv. starfsleyfi árin 2018 og 2019 (bls 27). Spá um þróun úrgangsmagns gerir ráð fyrir að urðun dragist saman á næstu árum og verði í kringum leyfileg mörk í núverandi starfsleyfi fyrir árið 2020 (bls. 20). Rekstraraðili sækist eftir aukinni heimild til urðunar úrgangs því hann vill ekki útiloka mögulega móttöku úrgangs frá öðrum svæðum í samstarfi við önnur sorpsamlög á Suðvesturlandi, s.s. frá höfuðborgarsvæðinu (bls. 27). Þó kemur fram í frummatsskýrslu að stefnan sé ekki að auka urðun í Fíflholtum heldur er litið á tímabundna aukningu á urðun sem skammtímalausn (bls. 4). Fram kemur að einungis sé verið „að bregðast við hugsanlegri en fremur ólíklegri eftirspurn eftir urðun í aðstöðu sem þegar er til staðar“ (bls. 30).

Í árslok 2018 höfðu samtals verið urðuð 76.736 tonn í urðunarrein sem tekin var í notkun árið 2012 og er austan við þrjár eldri reinar með samtals 129.542 tonn af urðuðu sorpi. Þeim urðunarreinum hefur verið lokað og yfirborð ræktað upp (bls. 23).

Vakin er athygli á því að Umhverfisstofnun skilaði umsögn um tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar þann 10. maí 2019 sem er aðgengileg á vefsíðu stofnunarinnar.

Mat á umhverfisáhrifum

Við mat á umhverfisáhrifum skal taka mið af umfangi og eðli framkvæmdar auk staðsetningar og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti. Í frummatsskýrslu eru metin áhrif á m.a. eftirfarandi umhverfisþætti; áhrif á vatn og jarðveg, fok úrgangs og annarra efna, ágang meindýra, loftmengun, lyktarmengun, losun gróðurhúsalofttegunda og hávaða.

Ákveðið var að í frummatsskýrslu skyldi ekki fjalla nánar um áhrif á landslag og ásýnd, gróðurfar og dýralíf og þess háttar með þeim rökum að áhrifin á þessa þætti eru þegar komin fram vegna starfsemi urðunarstaðarins og munu umfram áhrif vegna aukningar vera óveruleg.

Vatn og jarðvegur

Við eftirlit undanfarinna ára hafa komið upp frávík frá starfsleyfi varðandi virkni hreinsivirkis og mengunar sem berst frá urðunarstaðnum þar sem sigvatn er ekki hreinsað sem skildi. Í starfsleyfi frá 2014 var gert ráð fyrir að hreinsuðu sigvatni yrði veitt í Norðlæk en var starfsleyfinu breytt árið 2017 og þá var skurður við útrás hreinsivirkis skilgreindur sem viðtaki (bls. 25). Í frummatsskýrslu er gert ráð fyrir breytingu á skilgreiningu viðtaka og er lagt til að votlendi sunnan við útmörk urðunarsvæðis verði skilgreint sem viðtaki og því litið á svæði innan girðingar sem þynningarsvæði (bls. 25). Tekið er fram að votlendið yrði skilgreint sem viðkvæmur viðtaki. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 2. mgr. 13 gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns segir að gæta skuli að því að vistkerfi eða flokkun viðtakans í heild raskist ekki þegar þynningarsvæðið er ákvarðað. Þá ber rekstraraðila að sjá til þess að ákvæði 12. gr. reglugerðar nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns sé uppfyllt.

Niðurstaða frummatsskýrslu er að litlar líkur eru taldar á að aukning á urðun hafi áhrif á hreinsigetú sigvatnshreinsunarkerfisins og áhrif aukningarinnar á vatn og jarðveg því talin óveruleg (bls. 43). Þó er því haldið til haga að aukningin valdi „að vissu marki“ auknu álagi á kerfið en það álag muni jafnast út með tímanum eftir því sem urðunarreinin fyllist (bls. 41). Umhverfisstofnun telur það ósannað að aukin fylling reina dragi úr heildarmengun frá urðunarstaðnum þó svo sveiflur í álagi á hreinsivirki minnki. Stofnunin bendir á að með aukinni urðun úrgangs með fyllingu reina fylgi hærri styrkur mengunarefna í sigvatni og meiri hauggasmyndun.

Umhverfisstofnun bendir á að grunnvatnið sem sigvatnið seytlar niður í er afmarkað vatnshlot undir lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Grunnvatnið hefur vatnshlotanúmerið 101-307-G. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um gott efnafræðilegt ástand skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Krafa er um að grunnvatnshlotið nái góðu efnafræðilegu ástandi. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum í starfsleyfi.

Sigvatnið rennur úr skurðinum í votlendi sunnan urðunarstaðarins og bendir stofnunin á að að votlendi yfir 2 ha að stærð falla undir sérstaka vernd 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Ber því sérstaklega að forðast að raska því votlendi.



Fok úrgangs og annarra efna

Fram kemur að nokkuð hefur verið um fok úrgangs og annarra efna af urðunarstaðnum. Komið hefur verið upp fokgirðingum og skjólbelum og ráðist í hreinsun á vorin og einnig tilfallandi þegar þörf er á (bls. 45). Þá er urðunarstaðnum lokað þegar vindstyrkur er hærri en 18 m/sek. Það er niðurstaða frummatsskýrslu að áhrif aukinnar urðunar á fok úrgangs og annarra efna sé óveruleg.

Umhverfisstofnun telur áhrif aukinnar urðunar á fok úrgangs kunni að verða talsvert neikvæð, en með tilteknum mótvægisáðgerðum sem fjallað er um í frummatsskýrslu verði þau líklegast óveruleg.

Fuglar og meindýr

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur orðið vart við refi, minka og mýs í nágrenni urðunarstaðarins en mest hefur verið um máva og hrafna (bls. 46). Íbúar á svæðinu hafa orðið varir við aukinn ágang refa og máva. Fram kemur að mávar séu skotnir eftir þörfum og að refaskyttur hafi reglulegt eftirlit á svæðinu. Það er niðurstaða frummatsskýrslu að aukin urðun í Fíflholtum hafi óveruleg áhrif á aðsókn fugla og meindýra að urðunarstaðnum. Þá er tekið fram að ásóknin kunni að minnka með samdrætti í urðun lífræns úrgangs.

Umhverfisstofnun telur aukna urðun á staðnum ekki líklega til að hafa umtalsverð áhrif á ásókn fugla og meindýra að urðunarsvæðinu og tekur undir það að með minni urðun á lífrænum úrgangi gæti ásókn meindýra minnkað. Stofnunin telur að beita mætti öðrum leiðum en förgun með skotvopnum til að fæla fugla frá urðunarstaðnum þrátt fyrir að veiði mávum sé heimil allt árið um kring samkvæmt núgildandi lögum.

Lyktarmengun

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur lyktarmengun almennt ekki stafað frá urðunarstaðnum. Næstu bæir eru í um 3,5 km fjarlægð sem er yfir fjarlægðarkröfu reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Komið hafa upp brunar á urðunarstaðnum, síðast sumarið 2016, og þá barst reykur að næstu bæjum (bls. 48). Þá er tekið fram að verklagi sé beitt til að takmarka lyktarmengun (bls 48). Það er niðurstaða frummatsskýrslu að aukin urðun í Fíflholtum hafi óveruleg áhrif á lyktarmengun og að fyrirséður samdráttur í urðun á lífrænum úrgangi muni draga úr lyktarmengun og eldhættu (bls. 50).

Umhverfisstofnun telur áhrif aukinnar urðunar á lyktarmengun óveruleg í ljósi fjarlægðar til næstu íbúabyggðar. Þá telur stofnunin að minni urðun á lífrænum úrgangi sé til bóta og sé líkleg til að draga úr lyktarmengun frá starfseminni.

Losun gróðurhúsalofttegunda

Samkvæmt frummatsskýrslu hefur rekstraraðili komið upp gassöfnunarkerfi á rein 4 í samræmi við ákvæði í starfsleyfi urðunarstaðarins og var kerfið tekið í notkun í byrjun árs 2019 (bls. 48). Ekki hafa fundist hagkvæmar leiðir til þess að nýta hauggasið. Í umsögn Umhverfisstofnunar við tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar kemur fram að í frummatsskýrslu þurfi að fjalla þurfi um hvernig tryggja eigi virkni kerfisins. Fram kemur í frummatsskýrslu að fylgst er með virkni gassöfnunarkerfisins og því stjórnað með nettengdum og fjarstýrðu vöktunarkerfi (bls. 52). Fram kemur að leitað verði leiða til að nýta gasið á tæki og búnað á staðnum.

Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif aukinnar urðunar á losun gróðurhúsalofttegunda eru metin óveruleg og að samdráttur í urðun lífræns úrgang kunnir að draga úr losun (bls. 51). Umhverfisstofnun telur áhrifin óveruleg í ljósi þess að gasinu er safnað saman og það brennt. Stofnunin hvetur rekstraraðila til þess að leita leiða við að nýta gasið, s.s. sem eldsneyti fyrir vélar og búnað.

Hljóðvist

Fram kemur í frummatsskýrslu að ekki hefur borið á kvörtunum vegna hávaða frá urðunarstaðnum (bls 52). Hávaði frá rekstrinum er m.a. vegna tækja og umferðar á svæðinu. Komið hefur verið upp jarðvegsmonum og starfsemin fer fram á dagvinnutíma til að lágmarka hávaðaónæði. Það er niðurstaða frummatsskýrslu að aukning í urðun hafi óveruleg áhrif á hljóðvist (bls. 53). Umhverfisstofnun telur að við rekstur stærri urðunarstaðar sé vel hægt að haldast innan marka sem sett eru í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða og því hljóðmengun óveruleg frá aukinni urðun á urðunarstaðnum að mati stofnunarinnar.

Annað

Magn úrgangs: Í Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024 er sett markmið um að draga úr urðun í landshlutanum um 40% á tímabilinu. Það er í samræmi við áform stjórnvalda og þeirri framtíðarsýn sem lögð er fram í frummatsskýrslu (bls. 20). Umhverfisstofnun veltir því upp hvort ekki sé í ljósi þessa æskilegt að metin verði áhrif af minni aukningu í endanlegri matsskýrslu þar sem ekki er gert ráð fyrir svo mikilli aukningu í urðun. Það er ljóst að móttaka á úrgangi frá höfuðborgarsvæðinu samræmist ekki stefnu landshlutans í sóknaráætlun.

Brennsluofn fyrir dýrahæ: Í frummatsskýrslu kemur fram að áform eru uppi um að koma upp brennsluofni fyrir dýrahæ í Fíflholtum sem líklega yrði tekinn í notkun árið 2021 (bls 19). Umhverfisstofnun bendir á að starfsemi brennsluofns fyrir dýrahæ er starfsleyfis skyld hjá stofnuninni ef tekið er á móti meira en 50 tonnum af úrgangi á ári skv. viðauka IX 8. lið í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Starfsleyfi: Stofnunin bendir á að þegar um er að ræða breytingu á umfangi þá er að jafnaði alltaf gefið út nýtt starfsleyfi frekar en breyting á starfsleyfi. Sérstaklega ef slík umfangsbreyting hefur farið í mat á umhverfisáhrifum líkt og hér um ræðir. Þá er settur nýr gildistími á nýtt starfsleyfi en við breytingu á starfsleyfum helst sami gildistími.

Vöktunaráætlun: Í frummatsskýrslu er ekki að finna skýra tillögu um vöktunaráætlun. Gert ráð fyrir að vöktunaráætlun nýs starfsleyfis verði sú sama núverandi vöktunaráætlun (bls 59). Samkvæmt 20. gr. 3. h-lið reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum ber rekstraraðila að leggja fram tillögu að vöktunaráætlun í frummatsskýrslu og telur Umhverfisstofnun mikilvægt að svo verði gert í endanlegri matsskýrslu.

Niðurlag

Umhverfisstofnun hefur metið áform framkvæmdaraðila og telur áhrif aukinnar urðunar í Stekkjarvík á umhverfisþætti, eins og þeim er lýst í frummatsskýrslu, vera eftirfarandi;

Vatn og jarðvegur: Að áhrifin kunnir að verða talsvert neikvæð m.t.t. núverandi urðunarstarfsemi á svæðinu því aukning á hraða urðunar kann að valda meira álagi á vatn

og jarðveg sökum meira magns útskolunarefna í sigvatn. Tryggja þarf að ástand grunnvatnshlots versni ekki. Um vöktun vatns vegna atvinnurekstrar sem getur haft í för með sér mengun fer samkvæmt ákvæðum starfsleyfis.

Fok úrgang: Að áhrifin verði óveruleg að gefnum þeim forsendum sem tilteknar eru í frummatsskýrslu.

Fuglar og meindýr: Að áhrifin verði óveruleg m.t.t. núverandi starfsemi á svæðinu.

Lyktarmengun: Að áhrifin verði óveruleg umfram núverandi starfsemi.

Losun gróðurhúsalofttegunda: Að áhrifin verði óveruleg vegna hraðari gasmyndunar en óveruleg með þeim mótvægisáðgerum þar sem hauggas er fangað og það brennt.

Hljóðvist: Að áhrifin verði óveruleg umfram núverandi starfsemi.

Beðist er velvirðingar á því hve tafist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst



Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur



Rakei Kristjansdóttir
sérfræðingur